

Miðvikudaginn 21. júní 1989.

Nr. 280/1987. **Óttar Yngvason og
Páll G. Jónsson**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

**Hauki Sveinbjörnssyni og
dánarbúi Sigurðar Benjamínssonar
og Þórönnu Guðmundsdóttur**

(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Landamerkjamála. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1987. Af hálfu áfrýjenda eru gerðar þær dómkröfur, að merkjalína milli jarðanna Stórahrauns og Litlahrauns í Kolbeinsstaðahreppi verði ákveðin þannig á deilusvæðinu:

„Frá Stakkholtssteini (B), um beina línu í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E).“

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í kröfugerð aðila er vitnað til bókstafa á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings frá 24. febrúar 1987 með viðbótarmerkningum svo sem í héraðsdómi greinir.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt samþykkt kauptilboð frá nóvember 1987, þar sem Páll G. Jónsson, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, Birkigrund 23, Kópavogi, kaupa meðal annarra eigna jörðina Stórahraun af Richard R. Thors. Samkvæmt yfirlýsingu í þessu samþykktu kauptilboði taka kaupendur við aðild máls þessa, sbr. og 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 14. gr. laga nr. 28/1981.

Landamerkjaskrá er lýst í héraðsdómi. Dómarar hafa gengið á vettvang og kannað kennileiti.

Í kröfugerð stefndu felst meðal annars krafa um staðfestingu á ákvörðun héraðsdóms um merki, en í dómsorði segir: „...í Stakkholtsstein (B) og þaðan bein lína í Tvísteina (Þrísteina) (S) í eða við Tvísteinaál (Þrísteinaál), sem er állinn næstur Stórahraunnesi að sunnanverðu, úr Tvísteinum (Þrísteinum) eftir álnum miðjum fram í miðjan Haffjarðarál (aðalál) (— — — — —).“ Í forsendum héraðsdóms er hins vegar berum orðum tekið fram, að landamerkjalína milli jarða málsaðila skuli dregin „eftir strikalinu á uppdrætti“. Strikalínan (brotna línan) er á fyrrgreindum uppdrætti Skúla Jóhannssonar dregin allt til móta ósa Haffjarðarár og sjávar. Hins vegar segir í landamerkjaskrá Stórahrauns, að mörk jarðanna liggja „úr Þrísteinum eptir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarál“.

Í matsgerð Sigurjóns Rists og Gests Kristjánssonar 1977 um ósa Haffjarðarár segir: „Aðalállinn austan eyja, smávatn er milli eyja og lítil læna vestan eyja. Skammt neðan eyjanna sameinast kvíslarnar í einn farveg, og þannig fellur Haffjarðará í einum farvegi til sjávar...“ Þá kemur þar fram, að kunnugir menn segi, að stærðarhlutfall kvísla hafi getað raskast.

Af landamerkjaskrá Stórahrauns má ráða, að jarðirnar Hausthús og Kolviðarnes eigi lönd vestan ósasvæðis Haffjarðarár. Landamerkjaskrár þeirra jarða liggja ekki fyrir í málinu.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir úrlausn héraðsdóms varðandi markalínu um ósasvæði Haffjarðarár óljós og merkin ekki dregin til fulls.

Í annan stað krefjast stefndu staðfestingar á ákvörðun héraðsdóms á mörkum umhverfis svokallaðrar Fitjar. Við þessa ákvörðun héraðsdóms og kröfulínu stefndu er það að athuga, að nægileg gögn skortir um eignarrétt á Gömlueyri og svæði næst henni.

Jörðin Litlahraun, sem áður nefndist Setahraun, var eign „allra heilagra kirkju í Hítardal“ og síðar Staðarhraunskirkju. Þegar landssjóður selur Litlahraun 1916, er merkja ekki getið og þá ekki, hvort Gamlaeyri og fjörur hennar eru með í kaupunum, en tekið er fram, að engin rekaréttindi „þar um slóðir“ séu seld. Árið 1939 keyptu eigendur Litlahrauns rekaréttindi „fyrir landi jarðarinnar

Litlahrauns“ af kirkjumálaráðuneytinu. Hér er ekki getið um kaup á Gömlueyri, fjörum eða öðru landi.

Gögn eru þannig óljós um eignarréttindi að Gömlueyri og fjörum, og á skortir, að fyrirvarsmönnum ríkisins hafi verið gefinn kostur á að gæta réttar þess í málinu eða tjá sig um eignarréttinn.

Vegna annmarka þeirra, sem að ofan eru taldir, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en málið er rekið sem landamerkjамál samkvæmt 8. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1965.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómpings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 9. júlí 1987.

Sóknaraðilar eru Haukur Sveinbjörnsson, 3836-3158, bóndi, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, eigandi 1/3 hluta Litlahrauns í Kolbeinsstaðahreppi, og dánarbú Sigurðar Benjamíns Jónssonar og Þórönnu Guðmundsdóttur, 9400-0688, Þinghólsbraut 42, Kópavogi, eigandi að 2/3 hlutum Litlahrauns.

Varnaraðili er Richard R. Thors, 7346-4994, læknir, búsettur í Chicago, Bandaríkjum Norður-Ameríku, eigandi Stórahrauns.

Mál þetta var þingfest í aukadómpingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 17. september 1985 að tilmælum lögmanns sóknaraðila og með heimild í 8. grein laga nr. 41/1919. Málið var tekið til dóms að loknum munnlegum málf lutningi 15. september 1986, en endurupptekið til frekari gagnaöflunar með úrskurði 16. s.m. Síðan var málið endurflutt 2. október 1986 og dómtekið að því loknu.

Málið var endurupptekið enn að nýju 22. nóvember 1986 til frekari gagnaöflunar og málf lutnings að nýju. Málf lutningur fór fram að nýju 10. júní 1987.

Dómarar eru Jón S. Magnússon fulltrúi ásamt meðdómsmönnum Vilhjálmi Árnasyni og Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmönnum.

Dómkröfur málsaðila.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi verði ákveðin þannig:

„Úr Brunagarðshliði, sem er brunakantur, sem gerð hefur verið klauf í, þar sem Eldborgargata liggur í Digruvörðu á Foldum, þaðan í Stakkholtsstein (B), sem er steinn á Stakkholtsvík, þaðan sjónhending í Tvísteina (Þrístaina) (S), sem eru sker í eða við álinn, sem næstur er Stórahraunnesi að sunnanverðu og kallast Tvísteinaáll (Þrístainaáll), þaðan eftir álnum miðjum í miðjan Haffjarðararál, aðalál árinna (— — — —).“

Þá gera þeir þær kröfur, að merki milli Litlahrauns og Stórahrauns á engjasvæði á Fitjum verði ákveðin þannig:

„Að austanverðu eftir línu, sem sátt hefur tekist um með málsaðilum (D-E), að sunnanverðu úr ósi austan Viðarhólma (E), vestur framan Melabakka og beinni línu frá Melabökkum vestur fyrir Toppa (T). Að vestan- og norðanverðu af línu vestan Toppa og norður fyrir þá (U) og þaðan með beinni línu ofanvert við Selhöfða í merkjalækinn, sem rennur frá Fitjum (V), og þaðan með beinni línu í mynni merkjalækjarins norður úr Fitjum (D).“

Bókstafir og skýringar í svigum vísa til uppdráttar Skúla Jóhannssonar verkfræðings, dómskj. 54.

Dómkröfur varnaraðila eru þessar:

„Að merkjalínan milli jarðanna verði ákveðin, eins og sóknaraðili hefur krafist, að Stakkholtssteini (B), þaðan séu merkin um beina línu í miðja Þrístaina (C), sem eru rétt við Litlahraunnes, þaðan bein lína í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E).“

Báðir aðilar kröfðust málskostnaðar úr hendi hins að mati dómsins.

D ó m s o r ð:

Landamerki milli Litlahrauns og Stórahrauns skulu vera bein lína úr Brunagarðshliði í Digruvörðu á Foldum, þaðan í Stakkholtsstein (B) og þaðan bein lína í Tvísteina (Þrístaina) (S) í eða við Tvísteinaál (Þrístainaál), sem er állinn næstur Stórahraunnesi að sunnanverðu, úr Tvísteinum (Þrísteinum) eftir álnum miðjum fram í miðjan Haffjarðararál (aðalál) (— — — —).

Landamerki jarðanna á Fitjunum eru eftir sáttalínu, sem er bein lína milli mynnis merkjalækjarins norður úr Fitjunum (D) og lækjaróss austan við Viðarhólma (E) og síðan vestur með Melabökkum og frá syðsta punkti Melabakka (P) bein lína vestur fyrir Toppa fyrir sunnan

Þriðja Topp (T), þaðan í punkt U norðan við annan Topp og þaðan bein lína norðan við efsta (fyrsta) Topp í austur og ofan við Selhöfða í punkt norðaustur af höfðanum við lækinn (álinn) norður úr Fitjunum (V), þaðan bein lína í punkt D.

Eru þá allar Fitjarnar vestan línu D-E eign Stórahrauns svo og Toppar, þ.e. svæðið innan línu D-E-P-T-U-V-D á uppdrætti.

Málskostnaður falli niður.
